

## Ályktunartillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga – Leikmannasamningar í 1. deild kvenna–

Lögð er til við stjórn KSÍ eftirfarandi breyting á reglugerðinni:

Gr. 14.5:

Greinin hljóðar svo:

“Aðeins félögum í Pepsi-deild karla, 1. deild karla og í Pepsi-deild kvenna er heimilt að gera leikmannssamning. Félag sem gerir leikmannssamning kallast samningsfélag (professional club). Leikmannssamning er heimilt að gera til allt að fimm keppnistímabila í Pepsi-deild karla, en þriggja keppnistímabila í 1. deild karla og Pepsi-deild kvenna, sbr. þó næstu grein.”

Greinin hljóði svo:

“Aðeins félögum í Pepsi-deild og 1. deild karla og kvenna er heimilt að gera leikmannssamning. Félag sem gerir leikmannssamning kallast samningsfélag (professional club). Leikmannssamning er heimilt að gera til allt að fimm keppnistímabila.”

**Greinargerð:**

Ekki verður séð að nokkur rök séu fyrir þeirri mismunun kynjanna sem fram kemur í núgildandi ákvæðum. Það að banna liðum í 1. deild kvenna að gera leikmannasamninga er til þess fallið að festa í sessi stöðu þeirra félaga sem leika í Pepsi-deild, þar sem félögum sem leika í 1. deild er ekki unnt að gera jafn vel við sína leikmenn. Þeir eru því líklegri til að freistast til að yfirgefa sín félög og ganga til liðs við Pepsi-deildarfélag í stað þess að hjálpa sínu félagi að komast í hóp þeirra liða. Hvað lengsta mögulega samningstíma varðar er leikmönnum er að sjálfsögðu heimilt að gera samninga til skemmri tíma en sem nemur tilgreindum hámarkstíma og því skortir rök fyrir ólíkum hámarks samningstíma.

**Stjarnan**